

## REGLUGERÐ

### um fyrirkomulag og framkvæmd samræmdra könnunarprófa í grunnskóla.

#### 1. gr.

##### *Gildissvið.*

Reglugerð þessi tekur til samræmdra könnunarprófa í íslensku og stærðfræði að hausti í 4. og 7. bekk og samræmdra könnunarprófa í íslensku, stærðfræði og ensku að vori í 9. bekk.

Allir nemendur í 4. og 7. bekk og nemendur í 9. bekk skv. nánari ákvörðun ráðherra skulu gangast undir próf samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar og nánari fyrirmælum þessarar reglugerðar.

Nýti ráðherra heimild í 39. gr. laga um grunnskóla að halda próf í öðrum námsgreinum og námssviðum þá skal framkvæmd og fyrirkomulag þeirra fara fram með sama hætti og próf skv. 1. og 2. mgr.

#### 2. gr.

##### *Skilgreiningar.*

Með samræmdum könnunarprófum er átt við próf sem metur hæfni með sama hætti og við sambærilegar aðstæður í námsgreinum, sbr. 1. gr.

Með einstaklingsmiðuðum samræmdum könnunarprófum er átt við próf sem laga sig að getu nemandans miðað við frammistöðu hans á prófinu.

Prófatriði eru allar spurningar eða verkefni sem reyna á tiltekna hæfni. Prófurlausn samanstendur af svörum nemanda við prófatriðum.

Með rafrænu prófakerfi er átt við kerfi sem heldur utan um prófatriði og upplýsingar um þau, prófabanka, próffyrirlagnir og prófurlausnir.

Prófabanki er safn endurnýtanlegra prófatriða sem notuð eru við fyrirlögn á einstaklingsmiðuðum samræmdum könnunarprófum.

Með rafrænu upplýsingakerfi er átt við kerfi á vegum Menntamálastofnunar þar sem haldið er utan um nauðsynlegar upplýsingar vegna fyrirlagnar samræmdra könnunarprófa, s.s. hvaða nemendur eru með stuðningsúrræði eða undanþágu frá töku prófanna. Þá eru niðurstöður samræmdra könnunarprófa gerðar aðgengilegar fyrir skóla í gegnum upplýsingakerfið.

#### 3. gr.

##### *Tilgangur.*

Tilgangur samræmdra könnunarprófa í grunnskólum er að:

- athuga, eftir því sem kostur er, að hvaða marki hæfniviðmiðum aðalnámskrár í viðkomandi námsgrein eða námsþáttum hafi verið náð,
- vera leiðbeinandi um áherslur í námi einstakra nemenda,
- veita nemendum, foreldrum, skólum og menntayfirvöldum upplýsingar um námsárangur og námsstöðu nemenda,
- veita upplýsingar um hvernig einstakir skólar og skólakerfið í heild stendur í þeim námsgreinum og námsþáttum sem prófað er úr.

Niðurstöður prófa skulu nýttar við skipulag náms og kennslu nemenda að því marki sem kennarar eða skólastjórnendur telja gagnlegt og taka tillit til réttmætra óska nemenda og foreldra þeirra um slíkt. Menntamálastofnun skal nýta niðurstöður prófa til að stuðla að umbótum og þróun í skólastarfi.

#### 4. gr.

##### *Ábyrgð á fyrirlagningu prófa.*

Ráðherra leggur grunnskólum til samræmd könnunarpróf sem haldin eru samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra. Grunnskólum er skylt að leggja prófin fyrir nemendur í 4., 7. og 9. bekk og fylgja fyrirmælum þessarar reglugerðar um framkvæmd þeirra.

## 5. gr.

*Framkvæmd.*

Ráðherra felur Menntamálastofnun gerð og framkvæmd samræmdra könnunarprófa og að setja um þau nánari reglur og birta opinberlega. Heimilt er að leggja prófin fyrir með rafrænum hætti.

Ekki má fela kennara að semja prófverkefni ef hann kennir sömu námsgrein í viðkomandi árgangi eða að meta úrlausnir nemenda úr þeim skóla sem hann kennir.

Trúnaðar- og þagnarskylda hvílir á þeim sem sjá um og taka þátt í að semja prófverkefni og meta úrlausnir.

Menntamálastofnun skal varðveita upplýsingar og gögn sem unnin eru upp úr samræmdum könnunarprófum hverju sinni.

## 6. gr.

*Rafrænt prófakerfi.*

Menntamálastofnun er heimilt að nota rafrænt prófakerfi vegna rafrænna samræmdra könnunarprófa. Í prófakerfinu er haldið utan um upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að halda próf, fyrirlögn prófanna og svör nemenda við prófatriðum. Til að tryggja öryggi þeirra gagna sem verða til við slíka vinnslu er stofnuninni heimilt að ákveða hvaða viðurkenndar leiðir eru notaðar til að fá aðgang að gögnunum.

Þær kröfur sem vél- og hugbúnaður skóla þarf að fullnægja svo að próf geti farið fram með rafrænum hætti skulu liggja fyrir eigi síðar en mánuði fyrir próf og skal Menntamálastofnun vekja athygli skóla á því ef kröfur breytast milli prófa. Haga skal þessum kröfum með það fyrir augum að búnaður sem flestra skóla nýtist.

## 7. gr.

*Stuðningur við próftöku.*

Ef aðstæður hamla því að nemandi geti sýnt færni sína við úrlausn prófverkefnis, svo sem vegna fötlunar, langvarandi veikinda, annars móðurmáls en íslensku eða vegna annarra þarfa getur skólastjóri heimilað að nemandinn fái stuðning við próftökuna, s.s. upplestur eða lengri próftíma.

Foreldrar þurfa að sækja um stuðning við próftöku til skólastjóra samkvæmt nánari reglum sem skólinn setur. Skólastjóri skal skrá upplýsingar um stuðning inn í rafrænt upplýsingakerfi Menntamálastofnunar í síðasta lagi tveimur vikum fyrir próf.

Menntamálastofnun setur nánari viðmið um stuðning við próftöku og birtir opinberlega.

## 8. gr.

*Undanþágur.*

Í sérstökum undantekningartilvikum er skólastjóra heimilt að fenginni skriflegri beiðni foreldra að veita nemanda undanþágu frá því að þreyta samræmd könnunarpróf ef gildar ástæður mæla með því. Heimild skólastjóra til undanþágu tekur einungis til:

- nemenda með annað móðurmál en íslensku vegna prófs í íslensku, stærðfræði og ensku sem að mati skólaþjónustu henta ekki slík próf,
- nemenda sem stunda nám skv. 42. gr. laga um grunnskóla,
- nemenda sem hafa orðið fyrir líkamlegu eða andlegu áfalli og henta því ekki slík próf að mati skólaþjónustu.

Skólastjóri skal skrá upplýsingar um hvaða nemendur fá undanþágu frá því að þreyta próf og skrá inn í rafrænt upplýsingakerfi Menntamálastofnunar. Jafnframt skal hann tilkynna stofnuninni um nemendur sem eru fjarverandi eða forfallast vegna veikinda eða af öðrum ástæðum.

## 9. gr.

*Afhending einkunna.*

Menntamálastofnun veitir skólastjórum aðgang að einkunnum nemenda í samræmdum könnunarprófum innan fjögurra vikna frá því að próf voru lögð fyrir. Skólastjórar skulu afhenda nemendum og foreldrum einkunnirnar eigi síðar en tveimur vikum eftir að þær hafa borist þeim.

Nemendur skulu fá heildareinkunnir fyrir hvert próf, einkunnir er gefa yfirlit yfir árangur þeirra í skilgreindum prófþáttum og auk þess upplýsingar sem varpa nánara ljósi á stöðu nemenda. Heildareinkunnir skulu gefnar í bókstöfunum A, B+, B, C+, C og D í samræmi við matsviðmið aðalnámskrár grunnskóla.

## 10. gr.

*Samantekt og birting.*

Menntamálastofnun skal eigi síðar en sex vikum eftir að próf eru haldin, gefa út yfirlit um heildarniðurstöður prófanna á rafrænu formi og gera niðurstöðurnar aðgengilegar fyrir grunnskóla, menntayfirvöld, sveitarfélög og ríki og birta þær opinberlega. Þar skulu koma fram landsmeðaltöl og meðaltöl einstakra skóla eftir námsgreinum og námsþáttum. Einnig skal koma fram hlutfall nemenda eftir sveitarfélögum sem ekki þreyta hvert próf og aðrar upplýsingar sem þarf til að skýra niðurstöður og auðvelda túlkun þeirra. Upplýsingar um einstaka skóla þar sem tíu eða færri nemendur þreyttu samræmd próf skulu ekki birtar opinberlega samkvæmt þessari grein.

Menntamálastofnun skal birta opinberlega dæmi um prófatriði úr öllum námsgreinum og námsþáttum ásamt lýsingu á þeirri hæfni sem metin er. Þá skal Menntamálastofnun gera prófurlausnir aðgengilegar fyrir skóla svo hægt sé að skoða svör nemenda. Skólinn afhendir foreldrum prófurlausnir ef eftir því er óskað.

~~Menntamálastofnun er ekki skylt að birta prófatriði samræmdra könnunarprófa hverju sinni enda séu þau endurnýtt við að þróa prófabanka fyrir einstaklingsmiðuð samræmd könnunarpróf.~~

## 11. gr.

*Upplýsingar frá Menntamálastofnun.*

Menntamálastofnun er heimilt að veita öðrum en skólastjóra og foreldrum upplýsingar um einkunnir nemenda vegna:

- flutnings nemenda milli grunnskóla, enda liggi fyrir samþykki viðkomandi foreldra,
- athugana sem menntayfirvöld, þ.e. ríki og sveitarfélög, standa fyrir enda sé krafist þagnarskyldu,
- fræðilegra rannsókna enda sé krafist þagnarskyldu.

Ef kostur er skal miðla upplýsingum vegna athugana og rannsókna samkvæmt b- og c-lið í ópersónugreinanlegu formi.

## 12. gr.

*Sérfræðingahópur.*

Mennta- og menningarmálaráðuneyti skipar þriggja manna sérfræðingahóp sem fylgist með framkvæmd og þróun samræmdra könnunarprófa hjá Menntamálastofnun, fjallar um álitamál vegna framkvæmdar, innihalds og niðurstöðna samræmdra könnunarprófa og kemur á framfæri ábendingum um nauðsynlegar umbætur til stofnunarinnar. Einn fulltrúi skal skipaður án tilnefningar og vera sérfræðingur í prófagerð í grunnskólum, einn tilnefndur af Kennarasambandi Íslands og einn tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og skulu þeir hafa góða þekkingu og reynslu af framkvæmd samræmds námsmats. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

## 13. gr.

*Persónuvernd og varðveisla upplýsinga og gagna.*

Lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga með áorðnum breytingum og reglugerðir settar með stöð í lögnum, eiga við um alla vinnslu og meðferð persónuupplýsinga samkvæmt reglugerðinni. Um varðveislu upplýsinga og gagna fer samkvæmt lögum um opinber skjalasöfn með áorðnum breytingum.

Ef unnið er með viðkvæmar persónuupplýsingar, t.d. upplýsingar um heilsuhagi eða lyfja-, áfengis- og vímuefnanotkun, skulu þær geymdar í persónumöppum og varðveittar í læstum hirslum og/eða dulritaðar með fullnægjandi hætti. Sama gildir um persónuupplýsingar um nemendur, sem lúta að hvers konar upplýsingum um greiningar og/eða sérúrræði.

Menntamálastofnun skal hafa öryggiskerfi sem tryggir vernd persónuupplýsinga og sjá til þess að innra eftirlit sé viðhaft með vinnslu þeirra.

## 14. gr.

## Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 6. mgr. 17. gr. og 4. mgr. 39. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla með síðari breytingum, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 435/2009, um fyrirkomulag og framkvæmd samræmdra könnunarprófa í 4., 7. og 10. bekk grunnskóla.

## Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði í fyrirmæli 1. og 4. gr. um að samræmd könnunarpróf skulu skuli haldin í 9. bekk grunnskóla skal er vorið skólastjórum 2017 heimilt einnig að velja á milli þess að halda samræmd könnunarpróf í 10. íslensku og ensku vor eða haust 2018 fyrir nemendur sem eru í 9. bekk grunnskóla skólaárið 2017-18 vegna annmarka sem voru á fyrirlögn þeirra 7. og 9. mars 2018. Skólastjóri skal halda bæði prófin annaðhvort að vori eða hausti.

Mennta- Heimild skólastjóra til að veita undanþágu samkvæmt 1. mgr. 8. gr. nær einnig til þeirra nemenda sem kjósa að taka ekki samræmd könnunarpróf vorið eða haustið 2018 vegna þeirra annmarka sem voru á fyrirlögn prófanna 7. og menningarmálaráðuneytinu, 29. mars 2017. 2018 þrátt fyrir að þeir uppfylli ekki skilyrði a-, b- eða c-liðar 1. mgr. 8. gr. reglugerðarinnar.

Kristján Menntamálastofnun Þór er Júlíusson heimilt að víkja frá skyldum sínum samkvæmt 10. gr. um úrvinnslu og birtingu niðurstaðna samræmdra könnunarprófa vorið og haustið 2018.

## Ákvæði til bráðabirgða.

Heimild skólastjóra til að veita undanþágu samkvæmt 1. mgr. 8. gr. nær einnig til þeirra nemenda 9. bekkjar sem kjósa að taka ekki samræmd könnunarpróf skólaárið 2020-2021 vegna annmarka sem voru á fyrirlögn þess í íslensku, þrátt fyrir að þeir uppfylli ekki skilyrði a-, b- eða c-liðar 1. mgr. 8. gr. reglugerðarinnar. Undanþáguheimild þessi tekur sérstaklega mið af Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem kveður á um að það sem sé barni fyrir bestu skuli ávallt hafa forgang þegar ráðstafanir eru gerðar í málefnum barna og með hliðsjón af fordæmalausum aðstæðum vegna heimsfaraldurs á skólaárinu. Heimild þessi nær einnig til samræmdra könnunarprófa í stærðfræði og ensku í 9. bekk.

Ásta Skólastjóra Magnúsdóttir ber ekki að fara eftir ákvæði 2. mgr. 8. gr. við framkvæmd undanþágu samkvæmt þessu ákvæði. Ekki þarf að tilkynna sérstaklega til skólastjóra hyggist nemandi ekki þreyta próf. Kjósi nemandi að taka eitthvert pófanna skal það tilkynnt til skólastjóra sem tilkynnir Menntamálastofnun um þátttöku viðkomandi nemanda.

Kjósi nemandi að þreyta próf í íslensku á ný, vegna fyrrgreindra annmarka, er slíkt heimilt þrátt fyrir að hann hafi skilað úrlausn sinni 8. mars sl. og skal þá einkunn úr síðara prófi gilda.

Menntamálastofnun er heimilt að víkja frá skyldum sínum samkvæmt 10. gr. um úrvinnslu og birtingu niðurstaðna samræmdra könnunarprófa skólaárið 2020-2021.

## Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir 2. mgr. 1. gr. og 2. málsl. 4. gr. reglugerðar þessarar verða ekki lögð fyrir samræmd könnunarpróf í 9. bekk árið 2022.

## Athugasemdir ritstjóra

Metið sem svo að áhrif 1. gr. breytingareglugerðar 312/2022 séu færð undir ákvæði til bráðabirgða.

**Fyrirvari**

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.